



**SAFNASTEUFNA  
Á SVIÐI  
MENNINGAR-  
MINJA**



**ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS**  
*National Museum of Iceland*



---

# SAFNASTEUFNA Á SVIÐI MENNINGAR- MINJA

---



ÞJÓÐMINJASAFN ÍSLANDS  
*National Museum of Iceland*



**Skýrslur**  
**Þjóðminjasafns**  
**Íslands 2017/1**  
Apríl 2017

**Ábyrgðarmaður**  
Margrét Hallgrímsdóttir

**Ritstjóri**  
Anna Lía Rúnarsdóttir

**Ritnefnd**  
Berghildur Fanney Hauksdóttir  
Björn Pétursson  
Guðrún Jónsdóttir  
Jón Jónsson  
Linda Ásdísardóttir  
Sigríður Sigurðardóttir

© **Texti 2017**  
Þjóðminjasafn Íslands

© **Myndir 2017**  
Þjóðminjasafn Íslands  
og höfundar mynda  
Öll réttindi áskilin  
ISSN 1670-3685

**Mynd á kápu**  
Brauðmót. Ivar Brynjólfsson  
Þjóðminjasafn.

**Umbrot**  
Ármann Agnarsson  
Gréta Þorkelsdóttir

**Prentun**  
Litróf



# EFNISYFIRLIT

<b>FORMÁLI ÞJÓÐMINJAVARÐAR</b>	5
<b>HVERS VEGNA ÞURFUM VIÐ STEFNU?</b>	6
<b>ÁRANGUR SÍÐUSTU STEFNU</b>	7
<b>FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SAFNASTARF</b>	10
<b>MARKMIÐ OG LEIÐIR</b>	11
<b>Markmið 1</b> Að samfélagslegt hlutverk safna verði í fyrirrúmi	12
<b>Markmið 2</b> Að vinna faglega og á vandaðan hátt með safnkostinn	15
<b>Markmið 3</b> Að sýna frumkvæði og hugrekki í að hafa mótandi áhrif á framþróun í menningarlífi	18
<b>Markmið 4</b> Að lögð verði rækt við mannauð og starfsumhverfi til að styðja við markmið safnastarfs	21
<b>Markmið 5</b> Að tekið verði mið af sjálfbærri þróun í safnastarfinu	24
<b>Markmið 6</b> Að safnastarfið taki mið af alþjóðlegum tengslum og fræðilegri umræðu	27
<b>HVERNIG NÁUM VIÐ ÁRANGRI?</b>	31
<b>HEIMILDIR</b>	32
<b>ÍTAREFNI</b>	32



# FORMÁLI ÞJÓÐMINJAVARÐAR

Þjóðminjasafn Íslands er eitt þriggja höfuðsafna landsins samkvæmt lögum og er meginhlutverk þess að stuðla sem best að varðveislu íslenskra menningarminja og miðla sögu þjóðarinnar. Safninu er ætlað að rækja hlutverk sitt m.a. með því að móta stefnu um söfnun, skráningu, rannsóknir og miðlun menningar- og þjóðminja, og jafnframt stuðla að samvinnu menningarmínjasafna, veita öðrum slíkum söfnum ráðgjöf og styðja faglega við hvers kyns verkefni þeirra.

Hér er fylgt úr hlaði *Safnastefnu á sviði menningarminja*, sem Þjóðminjasafn Íslands gefur nú út, en þetta er í þriðja sinn sem safnið stendur fyrir mótun slíkrar stefnu, en nú er það gert í samræmi við ákvæði 8. gr. safnalaga nr. 141/2011 og 3. gr. laga um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011 sem tóku gildi árið 2013.

Í nýjum lögum um opinber fjármál, nr. 123/2015, sem tóku gildi 1. janúar 2016 er lögð sérstök áhersla á langtímahugsun. Gerð er krafa um að stjórnvöld móti stefnu til eigi skemmri tíma en fimm ára fyrir málefna-svið og málaflokka, þ.á m. safnastarf, þar sem lýst er áherslum, markmiðum, aðgerðum og árangursmælikvörðum. Þjóðminjasafni Íslands, sem og öðrum stofnunum í eigu ríkisins, er skylt að móta stefnu fyrir starfsemi sína á sama hátt fyrir a.m.k. þrjú ár og hefur safnið nýlega lokið slíkri stefnumótun fyrir tímabilið 2017–2019 sem hlotið hefur staðfestingu ráðherra.

Ætla má að sveitarfélög taki á næstu árum upp svipað vinnulag með áherslu á langtímahugsun sem án efa mun hafa jákvæð áhrif á þróun starfsemi safna sem gegna mikilvægu hlutverki á vegum sveitarfélaganna. Er það von okkar að *Safnastefna á sviði menningarminja* leggi grunn að slíkri stefnumótun um framsækið safnastarf til framtíðar litið.

Frá því safnastefna Þjóðminjasafns birtist í fyrsta sinn árið 2003 hafa orðið miklar framfarir hér á landi í safnastarfi og má sjá ýmis merki um framþróun á grundvelli þeirra þátta sem áhersla hefur verið lögð á. Enn blasa þó við fjölmörg úrlausnarefni. Með útgáfu nýrrar safnastefnu og eftirfylgni hennar í samstarfi við safnaráð er markmiðið að stuðla að enn frekari framgangi safnastarfs og fagmennsku á sviði menningarminja. Sú safnastefna sem hér verður kynnt hefur verið mótuð með þátttöku viðurkenndra minjasafna í landinu og fór undirbúningur hennar fram í virku samráði við starfsfólk safnanna og fulltrúa eigenda um allt land. Undirrituð ásamt ritstjóra sótti heim öll viðurkennd menningarmínjasöfn sumrin 2015 og 2016 og gafst þar tækifæri til að ræða þau atriði sem mest

voru í brennidepli, fara yfir ánægjulegan árangur sem náðst hefur og heyra um þau áhyggjuefni sem helst brunnu á starfsfólki safnanna. Í kjölfarið voru haldnir landshlutfundur þar sem stóru línur stefnunnar voru ræddar nánar. Tilnefndir voru fulltrúar í ritnefnd, sem starfaði síðan áfram með ritstjóra og kom með mikilvægt innlegg í vinnuna.

Það þarf að sýna kjark til þess að takast á við viðfangsefni á sviði varðveislu sem söfn samtímans hafa fengið í arf frá söfnum síðustu aldar samhliða margvíslegum áskorunum á sviði menningarstarfs og ferðaþjónustu. Við mótun safnastefnu var samhugur um mikilvægi þess að styrkja ímynd safna almennt í landinu og hlúa að trausti í garð stofnananna. Jafnframt var litið til mikilvægis þess að laga starfsemi safna að aðstæðum í samtímanum þar sem aukin áhersla er lögð á samtal við gesti, menntunarhlutverk, forgangsroðun í varðveislu og skýra umhverfisvitund. Framsýni er þar leiðarljós.

Fyrir hönd Þjóðminjasafns Íslands vil ég þakka öllum þeim sem lagt hafa hönd á plóg í þessari vinnu fyrir þeirra framlag við gerð stefnunnar. Starfsfólki safna þakka ég fyrir góðar móttökur og gefandi samtöl og þátttakendum í landshlutfundum fyrir gagnlegar umræður. Þá vil ég sérstaklega færa ritnefnd þakkar fyrir gott starf, en í henni sátu eftirfarandi fulltrúar: Berghildur Fanney Hauksdóttir, safnstjóri Minjasafnsins á Bustarfelli og ferða- og menningarmálafulltrúi Vopnafjarðarhrepps, Björn Pétursson, forstöðumaður Byggðasafns Hafnirðinga og bæjarminjavörður Hafnarfjarðar, Guðrún Jónsdóttir, forstöðumaður Safnahúss Borgarfjarðar, Jón Jónsson, þjóðfræðingur hjá Rannsóknasetri HÍ á Ströndum og starfsmaður Sauðfjarsetursins á Ströndum, Linda Ásdísardóttir, safnvörður Byggðasafns Árnesinga og Sigriður Sigurðardóttir, safnstjóri Byggðasafns Skagfirðinga. Síðast en ekki síst vil þakka ég Önnu Lísu Rúnarsdóttur, sviðstjóra rannsókna og þróunar á Þjóðminjasafni Íslands, sem ritstýrði verkinu fyrir hennar mikilvæga þátt við mótun safnastefnunnar og ánægjulega samvinnu í verkefninu.

Það er von mín að *Safnastefna á sviði menningarminja* verði hvatning til áframhaldandi góðra verka og leiðarvísir fram á veg í mikilvægu starfi safna í þágu samfélagsins um allt land.

Margrét Hallgrímsdóttir  
þjóðminjavörður



---

# HVERS VEGNA ÞURFUM VIÐ STEFNU?

Söfnin í landinu eru fjölbreytt og gegna mismunandi hlutverkum í samfélaginu, þó að kjarninn í safnastarfinu sé hinn sami. Mikil uppbygging hefur átt sér stað í safnamálum á undanfórnum árum og mikilvæg skref verið tekin í átt að því að tryggja faglegu starfi safna góðar undirstöður í söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknum og miðlun. Viðurkenning safna, sem tekin var upp í kjölfar gildistöku nýrra safnalaga nr. 141/2011 var stór áfangi á þeirri vegferð. Þar með voru skilgreind lágmarksviðmið fyrir safnastarfið sem söfnin þurfa að uppfylla til að eiga kost á styrkjum úr safnasjóði. Slíkur hvati skiptir miklu máli og veita viðmiðin faglegt aðhald, sem er til þess fallið að styrkja það jafnvægi sem þarf að ríkja í uppbyggingu safnastarfs.

Mikilvægt er að mótun stefnu sem þessa til að skapa leiðarvísi í faglegu starfi á landsvísu og verður hún vonandi í takti við langtímastefnu um fjárveitingar til safnamála og úthlutanir úr safnasjóði. Þannig er hægt að hafa áhrif á gæði og veita viðeigandi stuðning við þau langtímamarkmið sem safnastarf byggir óhjákvæmilega á.

Í *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010–14* var leitast við að skilgreina markmið og leiðir fyrir öll menningarmínjasöfn, bæði þau sem stóðu vel að vígi faglega séð, en einnig fyrir söfn sem enn voru að móta sitt starf. Með viðurkenningunni er nú búið að skapa undirstöðu fyrir söfnin og því er ekki lengur þörf á að skilgreina stefnu um atriði sem eru orðin að grunnkröfu fyrir safnastarf. Hér verður því lögð áhersla á að setja markmið umfram grunnkröfur og fjalla um hvaða leiðir gætu legið að þeim.

Megin markhópur *Safnastefnu á sviði menningarminja* er eigendur og starfsfólk viðurkenndra safna. Önnur söfn geta að sjálfsögðu nýtt sér þessa stefnu eftir því sem þau telja gagnlegt, en sækist þau eftir að efla sig faglega hljóta þeirra áherslur að miða að því að uppfylla fyrst þær kröfur sem gerðar eru til viðurkenndra safna.

Í stefnunni eru skilgreind sex meginmarkmið, fjallað sérstaklega um hvert þeirra og dæmi nefnd um leiðir að þeim. Að auki eru fyrir hvert markmið kynnt tvö verkefni sem fyrirmyndir sem sýna þær leiðir sem söfn á Íslandi í dag hafa farið og hægt er að fá innblástur frá. Víða er verið að vinna gott starf á söfnum og hefði auðveldlega verið hægt að taka mun fleiri dæmi um slík verkefni. Safnmenn eru því hvattir til að líta til starfsfélaga sinna og læra af því sem vel er gert og kynna árangursrík verkefni, svo aðrir geti dregið lærdóm af þeim. Slík jafningjafræðsla getur verið dýrmæt og stutt við faglegt starf.



# ÁRANGUR SÍÐUSTU STEFNU

Í *Safnastefnu á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2010–2014* voru sett fram ákveðin markmið. Þó að árangur af safnastarfi undanfarinna ára gefi tilefni til að gerð verði á því heildarúttekt, verður hér eingöngu farið yfir helstu atriði sem áunnist hafa á tímabilinu.

Mikilvægur áfangi náðist í ársbyrjun 2013 þegar ný safnalög tóku gildi.<sup>1</sup> Í þeim var skert á hlutverki safna og sett inn ákvæði um viðurkenningu þeirra.<sup>2</sup> Með því voru sett ákveðin lágmarksskilyrði um faglegt starf sem söfnin þurfa að uppfylla til þess að eiga möguleika á styrkjum úr safnasjóði. Hér hefur löggjafinn sett fram öflugan hvata sem er vel til þess fallinn að efla söfnin í landinu. Í janúar 2017 höfðu alls 46 söfn hlotið viðurkenningu ráðherra að tillögu safnaráðs í samræmi við ákvæði laganna.<sup>3</sup> Safnaráð mun hafa eftirlit með safnastarfsemi í landinu.<sup>4</sup> Þó svo að hér sé um mikilvægan áfanga að ræða er það enn áhyggjuefni að ekki hafa allir eigendur safna komið til móts við auknar kröfur sem gerðar eru til safna með viðeigandi fjárframlögum sem mundu gera viðeigandi söfnum kleift að sinna verkefnum sínum með verðugum hætti.

Í fyrri stefnu var sett fram það markmið að opinberar fjárveitingar til safnastarfs yrðu byggðar á faglegum grunni og áhersla lögð á að efla þyrfti faglegra sjóði. Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um meðferð og nýtingu á ríkisfé í safnageiranum var því m.a. beint til Alþingis að „einum fagaðila yrði falið að samræma úthlutanir í umboði menntamálaráðuneytis“.<sup>5</sup> Gagnrýnt var að safnasjóður hafi aðeins úthlutað takmörkuðum hluta þeirra fjárveitinga sem ríkið veitti til málaflokksins, en að stórum hluta hafi verið úthlutað beint í gegnum


fjárlaganefnd. Þessari skýrslu var síðan fylgt eftir árið 2012 þar sem fram kemur að „styrkjakerfi safna [hafi verið] einfaldað þegar Alþingi fól stofnunum framkvæmdavaldsins að úthluta þeim fjármunum til safnastarfs sem fjárlaganefnd hafði haft á sínum vegum.“<sup>6</sup> Ef rýnt er í fjárlög árána 2009–2016 má sjá að fjárveitingar til safnasjóðs hafa aukist á tímabilinu, en ef borið er saman við fjárlagaliðinn *Söfn, ýmis framlög*, má sjá að þar hefur orðið veruleg lækkun (sjá töflu 1).<sup>7</sup> Opinberum fjárveitingum er í auknum mæli veitt í gegnum Safnasjóð, en þær fóru úr 24,86% árið 2009 í 69,1% árið 2016. Það má því segja að fjárveitingar til safnastarfs séu í auknum mæli byggðar á faglegum grunni, þó miður sé að heildarfjárveiting til málaflokksins hafi lækkað.

Þó að taflan sýni hvernig þróunin hefur verið á undanförunum árum hvað varðar þessa ákveðnu liði fjárlaga er rétt að benda á að heildarmyndin er e.t.v. ekki eins einföld og þarna kemur fram. Á tímabilinu 2010–2013 gerði ríkið vaxtar- og menningarsamninga við landshlutana, sem var þá nýr farvegur fyrir fjárveitingar til menningarmála og þar með talið til safna.<sup>9</sup> Nú hafa sóknaráætlanir landshlutanna tekið við af vaxtarsamningunum en þar er markmiðið einnig að færa útteilingu á hluta af fjármunum ríkisins til heimamanna.<sup>10</sup> Höfuðborgarsvæðið hefur þó ekki verið hluti af þessum þróunarverkefnum og því hafa söfnin þar ekki getað sótt um styrki á þessum grundvelli eins og söfnin á landsbyggðinni. Óljóst er hversu mikið söfnin hafa fengið í sinn hlut í gegnum vaxtarsamninga og sóknaráætlanir þó fróðlegt væri að bera þær tölur saman við lækkun á liðnum *Söfn, ýmis framlög*.

Í samræmi við markmið *Safnastefnu á sviði þjóð-*

# ÁRANGUR SÍÐUSTU STEFNU

Fjárveitingar ríkisins til safnamála 2009–2016



Tafla 1  
Fjárveitingar á fjárlögum til safnasjóðs og á fjárlagaliðnum *Söfn, ýmis framlög*.<sup>8</sup>

*minjavörslu fyrir árin 2010–2014* um metnaðarfulla uppbyggingu og árangursríkt safnastarf hafa söfnin í landinu haldið áfram að byggja upp starfsemi sína. Árið 2009 hófst kennsla á meistarastigi í safnafræðum við Háskóla Íslands og vorið 2016 höfðu 30 nemendur lokið meistaragráðu í safnafræðum, en 25 nemendur höfðu lokið viðbótardiplóma.<sup>11</sup> Hluti þessara nemenda hefur komið til starfa á söfnum og haft jákvæð áhrif á faglegt starf. Farskóli safnmanna, sem er helsti endurmenntunar vettvangur alls safnafólks, hefur einnig eflst ár frá ári, þátttaka hefur farið úr um 95 árið 2010 upp í 116 árið 2015, sem er fjölgun um 22%.<sup>12</sup>

Þjóðminjasafn Íslands hefur á undanförunum árum lagt sig fram um að sinna lögbundnu hlutverki sínu sem höfuðsafn á sviði menningarminja<sup>13</sup> og uppfylla markmið í stefnunni um öflugt höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu á landsvísu. Sem dæmi um verkefni safnsins á þessu sviði má nefna að staðið hefur verið fyrir árlegum vörfundum fyrir menningarminjasöfnin frá árinu 2010, en á þeim hefur gefist gott tækifæri til samráðs og fræðslu um ýmis mál sem tengjast faglegu safnastarfi. Gefin hefur verið út *Handbók um varðveislu safnkosts* í samstarfi við Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – háskólabókasafn, Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og fleiri,<sup>14</sup> en því verkefni hefur verið áfangaskipt og er von á birtingu frekara efnis

um þessi mál. Einnig var þýtt úr dönsku og fjölfaldað hefti um varðveislu ljósmyndararfsins.<sup>15</sup>

Þá hafa sérfræðingar safnsins oft tekið þátt í undirbúningi farskóla safnmanna og verið í samstarfi við FÍSOS um fyrirlestraröð sem félagið hefur staðið fyrir í húsakynnum safnsins. Þjóðminjasafnið hefur, í samstarfi við aðra, efnt til námskeiða um ákveðna þætti sem skipta máli í safnastarfi eins og um viðbrögð við meindýrum og myglu (2012), varðveisluskilyrði á sýningum (2015), varðveisluljósmynda (2011 og 2015) og varðveisluplasts (2016). Safnið hefur alla tíð stutt dyggilega við uppbyggingu og þróun Sarps, menningarsögulegs gagnasafns og eins helsta vinnutækis safna. Sérfræðingar safnsins hafa setið í skráningarráði Sarps og tekið virkan þátt í gerð skráningarhandbókar, sem mun nýtast söfnum um allt land.

Bylting varð í miðlunarstarfi safna þegar ytri vefur Sarps var opnaður á netinu árið 2013, en markmið hafði verið sett um vandaða miðlun og fræðslu með aðgengi fyrir alla. Með því að gefa almenningi kost á að leita og afla sér upplýsinga í Sarpi er hægt að veita betra aðgengi að safnkostinum en áður var mögulegt. Kerfið hefur verið þróað áfram með þeim hætti að nú er þetta ekki eingöngu skráningartæki, heldur er einnig boðið upp á möguleika til að gera vefsýningar sem færir miðlunina enn betur heim

- 1 Safnalög nr. 141/2011.
- 2 9. og 10. gr. safnalaga nr. 141/2011.
- 3 Safnaráð 2017.
- 4 7. gr. safnalaga nr. 141/2011.
- 5 Íslensk muna- og minjasöfn 2009, bls. 6.
- 6 Skýrsla um eftirfylgni 2012, bls. 3.
- 7 Sjá einnig Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir 2008.
- 8 Fjárlög 2009–2017.
- 9 Byggingastofnun 2016.
- 10 Stjórnarráð Íslands 2017.
- 11 Erna Rut Steinsdóttir 2016.
- 12 Guðrún Jónsdóttir 2010; Varðveisla til framtíðar?
- 13 Sbr. 8. gr. safnalaga nr. 141/2011. Safnið var höfuðsafn á sviði þjóðminjavörslu fram til 2013, sbr. 8. gr. safnalaga nr. 106/2001.
- 14 Nathalie Jacqueminet (ritstj.) 2011.
- 15 Pedersen, K.B., Guld, K.R., Kejsen, U. 2011.
- 16 Sjá: Safnaráð 2013.
- 17 Ólöf Gerður Sigfúsdóttir 2014, bls. 21.
- 18 Ólöf Gerður Sigfúsdóttir 2014, bls. 30.
- 19 Ólöf Gerður Sigfúsdóttir 2014, bls. 24; 30.

í stofu til fólks.

Í fyrri stefnu voru söfnin hvött til aukinnar samvinnu við söfnun, skipulag hennar og þróun. Öll viðurkennd söfn eiga nú að vera komin með endurskoðaða söfnunarstefnu og mörg miðla henni á vef sínum.

Stefnt var að sameiginlegum rafrænum gagnagrunni á landsvísu með vefgátt fyrir almenning. Öll viðurkennd minjasöfn eru nú aðilar að Sarpi. Aðild hefur aukist, farið úr 44 árið 2010 í 52 árið 2015, sem er aukning um 18%. Ytri vefur Sarps veitir nú almenningi beinan aðgang að skráningum um safnkost. Aukin áhersla hefur verið lögð á fræðslu um skráningu og leiðbeiningar, m.a. með námskeiðshaldi Rekstrarfélags Sarps og starfi skráningarráðs, en það var stofnað á aðalfundi félagsins árið 2015. Þjóðminjasafn Íslands hefur skilgreint leiðbeiningar um skráningu gripa sem safnaráð styðst við. Á döfinni er að safnaráð hafi virkt eftirlit með skráningu og varðveislu á viðurkenndum söfnum.

Viðurkennd söfn þurfa nú skv. safnalögum og skilmálum viðurkenningar að uppfylla lágmarksskilyrði hvað varðar varðveislu safnkosts, sem er í samræmi við markmið um að öryggi safnkosts verði tryggt til framtíðar. Hluti safna vann að úrbótum í öryggis-

málum og gerð neyðaráætlana áður en sótt var um viðurkenningu. Þjóðminjasafnið hefur stutt við þetta markmið, m.a. með útgáfu á handbókum og námskeiðshaldi eins og áður var getið. Þó er ljóst að enn er þörf á að gera betur í geymslumálum safna og brýnt að söfnin haldi markvisst áfram að bæta það húsnæði sem safnkostur er vistaður í, en einnig að vinna að fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu.

Markmið var sett um að efla rannsóknarstarf safna. Í könnun sem safnaráð lét gera árið 2014 kom fram að 71% þeirra safna sem tóku þátt í könnuninni hafa yfirlýsta stefnu um rannsóknir. Sama hlutfall safna átti í formlegu samstarfi við utanaðkomandi aðila um rannsóknir á árunum 2010–2013. Þrátt fyrir þetta telja ekki nema 46% safna sig búa yfir nægilegum mannaúði til að sinna rannsóknum, en samstarf við utanaðkomandi aðila um rannsóknir er nokkuð algengt eða á 71% safna.<sup>19</sup>

Það er því ljóst að margt hefur áunnist í safnastarfi á landinu á undanförunum árum. Fjöl margar áskoranir blasa þó enn við og munu söfnin án efa takast á við þær af metnaði og þeirri þrautseigju sem nauðsynleg er til að ná árangri í þeim langtíma verkefnum sem starfið byggist á.

# FRAMTÍÐARSÝN FYRIR SAFNASTARF

Á íslenskum söfnum er staðið fyrir metnaðarfullri og lifandi starfsemi sem tengir fólk, staði og safnkost; þar má finna innblástur og hughrif byggð á sanngildi. Söfn eru traustar stofnanir og hafa ótvírætt gildi fyrir samfélagið.

# MARKMIÐ OG LEIÐIR

## MARKMIÐ 1

AÐ SAMFÉLAGSLEGT  
HLUTVERK SAFNA  
VERÐI Í FYRIRRÚMI

## MARKMIÐ 2

AÐ VINNA FAGLEGA  
OG Á VANDAÐAN HÁTT  
MEÐ SAFNKOSTINN

## MARKMIÐ 3

AÐ SÝNA FRUMKVÆÐI  
OG HUGREKKI Í AÐ  
HAFA MÓTANDI ÁHRIF  
Á FRAMÞRÓUN  
Í MENNINGARLÍFI

## MARKMIÐ 4

AÐ LÖGÐ VERÐI RÆKT  
VIÐ MANNAUÐ OG  
STARFSUMHVERFI  
TIL AÐ STYÐJA  
VIÐ MARKMIÐ  
SAFNASTARFS

## MARKMIÐ 5

AÐ TEKID VERÐI  
MIÐ AF SJÁLFBÆRRI  
ÞRÓUN Í  
SAFNASTARFINU

## MARKMIÐ 6

AÐ SAFNASTARFIÐ  
TAKI MIÐ AF  
ALÞJÓÐLEGUM  
TENGLUM OG  
FRÆÐILEGRI UMRÆÐU

## MARKMIÐ 1

# AÐ SAMFÉLAGSLEGT HLUTVERK SAFNA VERÐI Í FYRIRRÚMI

Söfn eru til fyrir samfélagið og safnastarfið miðar að því að koma til móts við þarfir þess. Öll hlutverk safna, eins og þau eru skilgreind í safnalögum nr. 141/2011, eru í þágu samfélagsins. Rækta þarf tengslin við nærsamfélagið, en einnig að sýna því skilning með hvaða hætti grunnþættir í safnastarfi tengjast því fólki sem safnið þjónar. Miðlun er sá þáttur sem er hvað sýnilegastur gestum, hvort sem er á sýningum eða viðburðum og þjónusta við ferðamenn er oft veigamikill þáttur í starfsemi safna. Skráning er einnig mikilvægur liður í miðlun, þar sem menningarsögulega gagnasafnið Sarpur birtir upplýsingar um safnkostinn á netinu og gefur jafnframt kost á því að söfn séu með vefsýningar. Með markvissri söfnun og varðveislu er verið að varðveita þekkingu um samfélagið til framtíðar. Þessi þekking og safnkosturinn þarf að vera aðgengilegur, bæði á safninu, en einnig á netinu.

Um safnastarf gilda ákvæði safnalaga nr. 141/2011, þar sem skilgreindar eru grundvallarkröfur sem starfið þarf að byggja á. Söfn þurfa fyrst og fremst að uppfylla hlutverk sitt samkvæmt lögum og starfa í samræmi við stofnskrá. Þá gerir safnaráð frekari kröfur til þeirra safna sem sækja um viðurkenningu og eru þar komin mikilvæg viðmið fyrir faglegt starf þeirra.



### Hvað er samfélagslegt hlutverk safna?

Samfélag vísar til hóps fólks sem býr saman í skipulögðum félagsskap. Starfsemi safna byggir á þjónustu við samfélagið á sviði menningararfs og menningararfða (e. *intangible heritage*), sem innt er af hendi í gegnum fimm stoðir: miðlun, rannsóknir, söfnun, skráningu og varðveislu.

## Leiðir

### > Skapa vettvang fyrir umræðu

Gestir eru ávallt velkomnir á söfn sem leggja sig fram um að bjóða upp á notalegt umhverfi sem stuðlar að eftirminnilegri upplifun. Söfn geta með vali á sýningum, útgáfu og viðburðum skapað vettvang fyrir umræðu um málefni sem eru mikilvæg fyrir samfélagið. Viðfangsefni safna geta þannig spröttið upp úr nærumhverfinu og skilað sér til þess sem ávinningur. Söfn geta því skapað vettvang fyrir ólík sjónarmið og gefið gestum tækifæri til að ræða málin, efla skilning sinn og stuðlað að viðsýni.

### > Samráð og samvinna

Söfn vinni af alúð að markmiðum sem þeim eru sett í stofnskrá. Til að ná árangri getur skipt sköp um að taka höndum saman við aðra, hvort sem um ræðir önnur söfn, aðrar stofnanir, félagasamtök eða einstaklinga og virkja aðra til þátttöku í þágu samfélags. Sérstök ástæða er til að hvetja til þess að verkefni sem unnið er að hafi snertiflöt við íbúa svæðisins, hvort sem um ræðir söfnun, skráningu, varðveislu, rannsóknir eða miðlun.

### > Safnfræðsla

Söfn sinni safnfræðslu af alúð og metnaði. Til að slík fræðsla nái markmiðum sínum er mikilvægt að tekið sé mið af ólíkum þörfum þeirra sem sækja fræðslu til safns, þ.e. skólaföngana (allt frá leikskóla til háskóla), barna og fullorðinna á ýmsum aldri og með mismunandi bakgrunn.

### > Þjónusta safna

Minjasöfn eru þjónustustofnanir sem gegna mikilvægu hlutverki við að efla vitund um fortíð og menningu í samhengi við samtímann. Þau varðveita og miðla upplýsingum um safnkostinn og hlutverk sitt. Með því að veita aðgang að heimildum um fyrri tíma gefa þau safngestum tækifæri til að sækja sér þekkingu á eigin forsendum, hver sem ástæða heimsóknarinnar er.



- ▲ Dós sem notuð hefur verið sem tromma í Búsáhalda-byltingunni. Freyja Hliðkvist Ómars- og Sesseljudóttir Þjóðminjasafn.
- ▲ Skilti úr Búsáhalda-byltingunni. Freyja Hliðkvist Ómars- og Sesseljudóttir Þjóðminjasafn.



## Samvinna í héraði

### Byggðasafn Skagfirðinga

Byggðasafn Skagfirðinga hefur verið með sýningar í Minjahúsinu á Sauðárkróki og á safnasvæðinu við Glaumbæ. Safnið hefur einnig haft virka aðkomu að sýningagerð og annarri miðlun á sínu starfssvæði, m.a. verið í samvinnu við Vesturfarasetrið á Hofsósi og Sögusetur íslenska hestsins á Hólum í Hjaltadal. Á sýningum setrana eru flestir gripirnir safngripir sem fengnir eru að láni frá byggðasafninu. Ef sýningaraðstaða samræmist kröfum safnanna er hægt að lána safngripi til þeirra sem vilja setja upp sögu- og minjasýningar.

### Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að taka þátt í samvinnu á þennan hátt hefur Byggðasafn Skagfirðinga haft jákvæð áhrif á miðlunarstarf á svæðinu, komið inn með faglegar áherslur og unnið með öðrum stofnunum og félögum.



## Sjálfboðaliðastarf á Flugsafninu

Flugsafn Íslands á Akureyri hefur náð góðum árangri í uppbyggingu safnsins á undanförunum árum. Byggð hafa verið upp góð tengsl við hóp áhugamanna, sem stofnuðu Örninn – hollvinafélag safnsins fyrir örfáum árum. Félagið vinnur að ýmsum hagsmunamálum safnsins í samvinnu við starfsmann og stjórn þess. Félagsmenn hafa tekið virkan þátt í ýmsum verkefnum sem sjálfboðaliðar, t.d. unnið að undirbúningi fyrir skráningar, hjálpað til við að koma flugvélamótur í sýningarhæft ástand, gefið út fréttabréf og tekið þátt í árlegri flugsýningu.

### Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að virkja áhugamenn til þátttöku í ákveðnum verkefnum skapast vettvangur fyrir þá til að láta gott af sér leiða í þágu safnsins, en einnig tekst að virkja sérfræðipekkingu, miðla milli kynslóða og byggja upp tengsl við fólkið.



## Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Stendur fyrir árlegum vörfundum fyrir menningarminjasöfn – vettvangur umræðu um safnastarf.

- ▲ Ullarlest á leið í kaupstað, samvinna Byggðasafnsins og Sögusetursins. *Sigríður Sigurðardóttir Byggðasafn Skagfirðinga.*
- ▲ Flugvél komið fyrir í sýningu. *Gestur Einar Jónsson Flugsafn.*
- ▶ Hárgreiða. *Ívar Brynjólfsson Þjóðminjasafn.*



## MARKMIÐ 2

# AÐ VINNA FAGLEGA OG Á VANDAÐAN HÁTT MEÐ SAFNKOSTINN

Það fylgir því ábyrgð að taka við grip og bæta honum við safneign. Með því tekur safn á sig langtímaskuldbindingu og því mikilvægt að það sé gert á faglegum forsendum. Vanda þarf til verka á öllum stigum, hvort sem um ræðir að skapa fullnægjandi varðveisluskilyrði í geymslum eða á sýningum, eða skráningu og vísun gagna sem verða til í tengslum við einstaka gripi eða gripaheildir. Undirstaðan sem ætti að leiða allt safnastarf er söfnunarstefna hvers safns, sem er byggð á hlutverki þess eins og það er skilgreint í stofnskrá. Mikilvægt er að vinna út frá hinu órjúfanlega

samhengi safnastarfs, þar sem safnkosturinn er í aðalhlutverki. Miðlun getur verið fjölbreytt og þarf að ná til ólíkra hópa, en verður eðli málsins samkvæmt að byggja á rannsóknum og varðveislu. Rannsóknir byggja á safnkostinum og þá eru skráningar mikilvæg rannsóknargögn. Söfnun, skráning og varðveisla þurfa einnig að haldast í hendur. Hafa þarf í huga að safnastarf er langtíma verkefni og mikilvægt að taka mið af því að hver kynslóð starfsmanna tekur við af annarri og heldur verkinu áfram. Skilgreina þarf áfanga í öllum þáttum safnastarfsins og vinna markvisst að því að ljúka þeim.



### Hvað er safnkostur?

Safnkostur er samheiti yfir skráða safngripi, ljósmyndir, heimildir, ýmis gögn um menningararfðir og annað sem söfn varðveita í þeim tilgangi að varpa ljósi á menningarsögu og efla skilning á stöðu og þróun menningar.

> **Samhengi safnastarfs**

Ólíkir þættir safnastarfs eru nátengdir í órjúfanglegu samhengi. Rannsóknir eru undirstaða miðlungs- og byggja á safnkosti. Varðveisla hans og skráning er grundvallarforsenda fyrir aðra starfsemi. Skipuleggja ætti verkefni safns með þetta samhengi í huga.

> **Efla fagmennsku enn frekar**

**í öllu sem snýr að safnkostinum**

Í safnastarfi þarf að vinna með safnkost af fagmennsku með langtímasjónarmið í huga. Vanda skal til verka til að tryggja gæði og árangur. Huga þarf að uppbyggingu safneignar með markmið safns að leiðarljósi, þar sem **söfnun** og grisjun er beitt í þeim tilgangi. Leggja þarf metnað í heimildavinnu og **skráningastarf**, þar sem varðveisla þekkingar er í fyrirrúmi og rannsóknargögn kynslóðanna sem á eftir okkur koma verða til. **Varðveisla** safnkosts þarf að byggja á þekkingu á ástandi og mati á hvaða áhrif varðveisluskilyrði hafa á hrönnun safnmuna. Taka þarf markviss skref í að bæta aðbúnað safnkosts með því að tryggja viðunandi aðstæður til varðveislu og vinna að áföngum í fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu. **Rannsóknir** eru fjölbreyttar og taka mið af ólíkri nálgun þeirra fræðigreina sem unnið er út frá, eða eru framkvæmdar á þverfaglegum grunni. Í þeim felst ómetanleg þekkingarsköpun bæði fyrir safn og samfélag. **Miðlun** er afrakstur rannsókna og getur m.a. verið í formi erinda, sýninga, útgáfu rita og greina.

> **Aðgengi fyrir alla**

Söfn þurfa að setja sér skýr markmið um aðgengi fyrir alla. Huga þarf að aðgengi að sýningum (þ.e. hvernig hægt sé að taka tillit til ólíkra þarfa fjölbreyttra hópa og einstaklinga), að safnkosti í geymslum til rannsókna, sem og að skráningarupplýsingum í gegnum ytri eða innri vef Sarps.<sup>1</sup>

> **Auka þekkingu starfsfólks**

Mikilvægt er að gera menntunar- og þekkingarkröfur til safnstjóra, sem leiða faglegt starf sinnar stofnunar. Efla þarf fræðslu og þjálfun starfsmanna og tryggja að nýtt starfsfólk fái viðeigandi þjálfun í upphafi starfs. Unnið skal í samræmi við viðurkenndar faglegar aðferðir eftir því sem hægt er. Nýta skal fyrirliggjandi handbækur og leiðbeiningar safnaráðs eða ICOM eftir föngum.<sup>2</sup>

> **Styrkja faglegt starf**

Leita ber sérþekkingar utan safns, þegar þörf krefur. Þá geta söfn einnig sótt styrk í samvinnu, bæði í einstökum verkefnum eða með samnýtingu auðlinda, t.d. varðveisluhúsnæðis. Gagnlegt getur verið fyrir söfn að eiga í vinnuskiptum við önnur söfn, þar sem sérþekking hvors um sig getur styrkt faglegt starf og þannig leitt til gagnkvæms ávinnings. Þetta getur einnig falið í sér jafningafræðslu, þar sem safnmaður kemur og vinnur við sitt sérsvið en í nýju starfsumhverfi.



1 Fræðimenn geta sótt um tímabundinn lesaðgang að gögnum safna á innri vef Sarps í rannsóknaskyni.  
2 Sjá t.d. [www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/](http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/); [icom.museum/professional-standards/](http://icom.museum/professional-standards/); [www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/minjar-og-rannsoknir/handbaekur/](http://www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/minjar-og-rannsoknir/handbaekur/).

◀ Þökkun gripa. *Nathalie Jacqueminet Þjóðminjasafn.*

## SVONA GERUM VIÐ

### Öflugt faglegt starf með safnkostinn

#### Byggðasafn Árnesinga

Byggðasafn Árnesinga vann framtíðaráætlun fyrir náttúrugripi safnsins og stóð frammi fyrir að taka ákvörðun um varðveislu og grisjun og þá um leið mati á gildi gripanna. Farin var sú leið að leita fagaðstoðar forvarðar Þjóðminjasafns. Unnin var greinargóð úttekt sem náði yfir mat á ástandi safnkosts, tillögur um staðsetningu gripa í geymslum, þökkunaraðferðir og efnisnotkun. Einnig var leiðbeint um fyrirbyggjandi og styrkjandi forvörslu eins og skordýravarnir, ljósmagn og margt fleira. Á grundvelli úttektarinnar gat starfsfólk safnsins tekist á við verkefni sem sneru að þökkun og aðbúnaði af meira öryggi en áður, var betur fært um að leggja raunhæft mat á varðveisluhæfni gripa og taka ákvörðun um grisjun og miðlun.

#### Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að leita eftir sérfræðiráðgjöf þegar þörf var á var hægt að styrkja faglega nálgun í vinnu með safngripi. Starfsmenn öðluðust dýrmæta reynslu og aukna þekkingu á fyrirbyggjandi forvörslu sem nýtist í allri umsýslu með gripi safnsins.

#### Festum þráðinn – Minjasafn Austurlands

Minjasafn Austurlands átti í samstarfi við norsku listakonuna Ingrid Larssen um rannsóknir á gömlum útsaumsaðferðum. Markmið verkefnisins var m.a. að draga fram þennan þátt í kvennasögu og hvetja til varðveislu á gömlu handverki. Afrakstur verkefnisins var gefinn út á bók, en einnig var sett upp sýning í Minjasafninu og í Sortland Museum í Vesterålen í Noregi. Útsaumskafti var haldið í tengslum við sýningarnar, sem kveikti áhuga fólks á þessum menningarferfi.

#### Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að tengja saman rannsóknir, miðlun og varðveislu menningarferða var hinum ýmsu þáttum safnastarfs fléttað saman, sem styrkti safnið við að uppfylla hlutverk sitt og tengja sig við hóp áhugafólks á þessu sviði.



#### Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Stendur fyrir útgáfu á leiðbeiningaritum fyrir safnastarf – aðgengileg á vef safnsins. Veitir ráðgjöf og þjálfun eftir föngum.

- ▲▲ Frágangur á náttúrugripum. Linda Ásdísardóttir Byggðasafn Árnesinga.
- ▲ Sýningin Festum þráðinn. Elsa Guðný Björgvinsdóttir. Minjasafn Austurlands.

## MARKMIÐ 3

# AÐ SÝNA FRUMKVÆÐI OG HUGREKKI Í AÐ HAFA MÓTANDI ÁHRIF Á FRAMÞRÓUN Í MENNINGARLÍFI



Það er mikilvægt hlutverk menningarminjasafns að varðveita menningararfinn og leggja rækt við menningu.<sup>1</sup> Þau standa á traustum grunni safnkostsins og geta miðlað þekkingu á forsendum safnastarfsins. Brýnt er að söfn sýni frumkvæði að samvinnu sem hefur jákvæð áhrif á starfið. Snertifletir eru t.d. við bæjarbúa, menntastofnanir, gesti, aðra ferðaþjónustuaðila og hinar skapandi greinar. Samvinna milli safna getur einnig verið uppbyggileg og árangursrík. Söfn þurfa að hafa hugrekki til að stíga fram, vera virkir þátttakendur á sínum forsendum og hafa jákvæð áhrif á menningarlífið.

### Hvað er menningarlíf?

Hér er litið á menningarlíf sem starfsemi af ýmsu tagi sem auðgar menningu samfélagsins með einhverjum hætti. Menningarminjasöfn byggja í starfi sínu á menningararfinum og menningararfðum og virkja tengsl við fortíðina fyrir menningarlíf samtímans.

### > Halda sanngildi í heiðri

Starfsemi safna er byggð á safnkosti og sköpun eða miðlun þekkingar. Hinar raunverulegu minjar skipta samfélagið máli og því er mikilvægt að söfn standi vörð um sanngildi (e. *authenticity*) menningararfsins með varðveislu og miðlun safnkosts og menningarminja. Með þessum hætti halda söfn jarðtengingu við samfélagið sem þau eru sprottin úr og standa vörð um menningararfinn þannig að hægt sé að skila honum „óspilltum til komandi kynslóða“.<sup>2</sup> Þá er varðveisla og miðlun menningararfða ekki síður mikilvægur þáttur, þar sem þær eru lykilatriði í að efla þekkingu og skilning.

### > Endurspeglar mannlíf og samfélag

Söfn eiga að miðla því sem áhugavert telst í mannlífinu á hverju svæði og byggja þannig á sjálfsmýnd fólks. Samskipti við ólík fagsvið og samvinna við félagasamtök og áhugahópa ætti að vera sjálfsgöður þáttur í safnastarfi. Það getur haft örvandi og jákvæð áhrif á báða bóga, þ.e. á heimamenn og gesti. Söfn ættu að vera óhrædd við að grípa boltann á lofti þegar eitthvað er að gerast í samfélaginu og tengja það starfsemi sinni.

### > Fjölmenningsamfélag

Koma á með virðingu til móts við alla hópa á starfssvæði safns. Mikilvægt er að safn leggi sitt af mörkum til aukins skilnings á mismunandi aðstæðum fólks, sækji styrk í fjölbreytileikann og efla virðingu og víðsýni. Söfn þurfa eftir föngum að bjóða upp á sýningartexta á erlendum tungumálum og hafa þarfir nýbúa í huga í starfsemi sinni.

### > Skapandi vinnustaður hefur áhrif

Nýsköpun skiptir máli (t.d. rannsóknir og hönnun) og eru söfn hvött til að kynna safnkost sinn til innblásturs fyrir listamenn, hönnuði, fræðimenn og nemendur. Stuðla þarf að þekkingarsköpun í gegnum rannsóknir á safnkostinum og þeim gögnum sem safnið hefur að geyma. Aðgengi að safngripum til rannsókna getur einnig átt sér stað í gegnum menningarsögulega gagnasafnið Sarp. Sýningar og jafnvel námskeið eru mikilvægur vettvangur fyrir gesti til að kynnast og fræðast um safnkost og það sem hann stendur fyrir. Í safnkosti felast líka tækifæri til að virkja margvíslegar skapandi greinar til gefandi samstarfs og huga að því að skapa nýjar „afurðir“.

### > Stýring og þjónusta

#### við ferðamenn og fræðimenn

Söfn hafa margt dýrmætt fram að færa og geta verið stolt af því að bjóða fram fróðleik, upplifun og tengsl við fortíðina. Þau geta haft áhrif á samtímamann hverju sinni og þarf menntunarlutverk safna að vera í forgrunni í starfsemi þess. Styrkja þarf tengsl við aðra aðila í ferðaþjónustu og taka virkan þátt í umræðu um þróun þessarar atvinnugreinar. Söfn geta lagt sitt af mörkum til að taka þátt í því að „ferðaþjónusta á Íslandi einkennist af jákvæðri upplifun ferðamanna, gestrisni, þjónustulund og gæðum“.<sup>3</sup> Mikilvægt er að byggja upp eða styrkja samstarf við þá sem nú þegar gegna lykilhlutverki í þessu sambandi, t.d. markaðsstofur landshlutanna, ásamt því að huga að þjónustu við erlenda ferðamenn sem sækja safn heim.

1 Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 er í 1. grein að finna eftirfarandi skilgreiningu: „Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjurgripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar.“  
2 1. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.  
3 Vegvisir í ferðaþjónustu 2015, bls. 15.



◀ Bússur. *Freyja Hliðkvist Sesselju- og Ómarsdóttir Þjóðminjasafn.*  
▶ Páll Helgi frá Bolungarvík í slipp. *Þorsteinn Traustason Byggðasafn Vestfjarða.*

## Skapandi samstarf við tónlistarskólann Safnahús Borgarfjarðar

Listamenn leita oft í menningararfinn til innblásturs fyrir verk sín og er safnkostur fjársjóður sem getur haft áhrif á nýsköpun. Safnahús Borgarfjarðar hefur á undanförunum árum átt í samstarfi við Tónlistarskóla Borgarfjarðar, þar sem nemendur hafa unnið að listsköpun sem byggð er á borgfirskum bókmenntaarfi og þar með kynnst viðkomandi skáldum og textasmíð þeirra. Með þessum hætti er nærsamfélagið kallað að til samstarfs á áþreifanlegan hátt, hvatt er til sköpunar og texti og tónar tengjast saman í tónsmíð og túlkun. Enn fremur er ungt fólk kallað að menningararfinum og fær að vinna með hann.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að bjóða tónlistarmönnum til samstarfs við safnið er stuðlað að nýsköpun sem byggir á fræðslu um menningararfinn og styrkir tengsl milli fortíðar og samtíma.



## Sóknarfæri í sanngildi

### Síldarminjasafn Íslands á Siglufirði

Metnaðarfull sýningastarfsemi hefur blómstrað á Síldarminjasafninu, þar sem mikilvægum þætti úr sögu Siglufjarðar og í raun Þjóðarinnar allrar hefur verið teflt fram með stolti. Með því að byggja á menningararfinum hefur tekist að skapa nýja vídd í menningarlífi Siglufirðinga og þannig hefur safnið haft áhrif á þróun og aðdráttarafl bæjarins. Hugrekki hóps áhugamanna, sem á undanförunum áratugum vann hægt og bítandi að því að gera framtíðarsýn safnsins að veruleika, hefur skilað sér í auknum straumi ferðamanna til staðarins, varðveislu menningarminja, miðlun sögunnar og einstakri upplifun.

Nánari upplýsingar um uppbygginguna má finna á vef safnsins: [www.sild.is](http://www.sild.is).

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Þar sem byggt er á sanngildi er staðið vörð um varðveislu menningarminja, lögð er rækt við fólkið á staðnum og safnið tekur virkan þátt í framþróun í menningarlífi og ferðapjónustu.



## Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Tekur höndum saman við aðrar stofnanir um nýsköpun, eins og t.d. í Safnahúsinu á Hverfisgötu og í húsasafni Þjóðminjasafnsins.


- ▶ Tónleikar á sumardaginn fyrsta í Safnahúsinu. *Elín Elísabet Einarisdóttir, Safnahús Borgarfjarðar.*
- ▶ Velunnarar afhenda listaverk af síldarstúlku. *Sigurður Ægisson*
- ▶ Boðhlaupskefli. *Freyja Hlíðkvist Ómars- og Sesseljudóttir Þjóðminjasafn.*

## MARKMIÐ 4

# AÐ LÖGÐ VERÐI RÆKT VIÐ MANNAUÐ OG STARFSUMHVERFI TIL AÐ STYÐJA VIÐ MARKMIÐ SAFNASTARFS

Safnastarf er langtímaverkefni og er varðað ýmsum áföngum í þekkingarsköpun, rannsóknum, fræðslu og varðveislu. Árangur starfsins byggir að stórum hluta á einstaklingum sem starfa við söfnin og þeim metnaði sem þeir bera í brjósti sér, hver fyrir sitt safn; þar nýtist ólík þekking og bakgrunnur á skapandi vinnustað. Eigendur og stjórnendur safna þurfa að leggja sérstaka rækt við mannauðinn til að tryggja sem bestan árangur, þar sem gagnkvæm virðing og stuðningur skapar kjöraðstæður. Þjóða þarf upp á gott og hvetjandi starfsumhverfi, þar sem starfsfólk blómstrar, safnastarfinu til góða.

Ábyrgð eigenda og stjórnenda safna felst í að tryggja starfsfólki góð starfsskilyrði og leggja sitt af mörkum til að gera því kleift að uppfylla markmið (hlutverk) sín, eins og þau eru skilgreind í stofnskrá, fjögurra ára stefnu og *Safnastefnu á sviði menningarmínja*. Samkvæmt leiðbeiningum safnaráðs skal í stofnskrá m.a. kveða á um það hlutverk stjórnar safnsins að „tryggja safninu viðunandi starfsumhverfi og starfsmönnum viðunandi starfsaðstöðu“ og „tryggja fjármögnun“.<sup>1</sup>



### Hver eru markmið safnastarfs?

Markmið safnastarfs er að standa vörð um menningar- og náttúruarf Íslands, varðveita hann og miðla til almennings og efla skilning á þróun og stöðu menningar, lista, náttúru og vísinda.

### > Endurmenntun/símenntun

Starfsfólk safna þarf að halda við þekkingu sinni í starfi, bæði með því að sækja sér formlega og óformlega endurmenntun (t.d. námskeið, ráðstefnur, farskóli safnmanna, safnafræði við HÍ) hér á landi, en einnig erlendis ef tæk eru á. Huga þarf einnig að því að miðla þekkingu áfram til samstarfsfólks (jafnvel utan safns) til að styðja enn frekar við faglegt starf.

### > Starfsþróun

Starfsfólk þarf að fá tækifæri til að þróast í starfi með því að takast á við nýjar áskoranir og verkefni sem gera því kleift að byggja upp þekkingu sína á starfssviði safns. Til að endurmenntun verði markviss og skili sér í hæfara starfsfólki er hvatt til þess að hún fari fram á grundvelli starfsþróunaráætlunar fyrir safnið í heild, en einnig fyrir hvern starfsmann.<sup>2</sup>

### > Varðveisla þekkingar

Í safnastarfi er mikilvægt að byggja á þekkingu um það sem unnið hefur verið áður og hvernig það hefur verið gert til upplýsingar fyrir kynslóðirnar sem taka munu við keflinu. Í þessu sambandi ber að leggja áherslu á vandaða skjalavistun og að gerð sé grein fyrir árangri og framvindu ákveðinna verkefna og safnastarfsins með skriflegum hætti. Þá er einnig hvatt til þess að verklag sé skráð niður. Mikilvægt er að huga að samfellu faglegs starfs, þegar mannabreytingar eiga sér stað, og tryggja yfirfærslu þekkingar á langtímamarkmiðum starfsins. Framsýni eigenda og starfsfólks skiptir þar miklu og geta þau lagt ýmislegt af mörkum til að efla skilning á starfsemi.

### > Starfsnám

Æskilegt er að tengja safnið við fræðasamfélagið með einum eða öðrum hætti. Þar sem því verður komið við eru söfn hvött til að gefa háskólanemendum kost á að stunda þar starfsnám, þar sem markmiðið er gagnkvæmur ávinningur.



<sup>1</sup> Safnaráð e.d.  
<sup>2</sup> Benda má á starfsþróunarsetur háskólamanna sem m.a. hefur stutt við gerð starfsþróunaráætlana: <http://www.bhm.is/stykir--sjodir/starfsthrounarsetur-haskolamanna/>

▲▲ Námskeið í varðveislu plasts. *Nathalie Jacqueminet Þjóðminjasafn.*  
▲ Boðhlaup. *Baldur Möller Þjóðminjasafn.*





## Gerð starfsþróunaráætlunar Byggðasafn Hafnarfjarðar

Byggðasafn Hafnarfjarðar hefur gert starfsþróunarstefnu fyrir stofnunina, ásamt starfsþróunaráætlun fyrir hvern starfsmann safnsins. Byggt er á þeirri hugmynd að starfsþróunin nýtist bæði starfsmanni og stofnun og gerð er krafa um að starfsfólk sækji sér endurmenntun með reglubundnum hætti. Á grundvelli þessara starfsþróunaráætlana geta starfsmenn nú sótt sér styrki til Starfsþróunarseturs BMH til að standa straum af kostnaði t.d. við að sækja ráðstefnur erlendis eða námskeið.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Þetta skilar sér í hæfara starfsfólki, aukinni starfsánægju og betri árangri starfseminnar þegar til lengri tíma er litið.

## Starfsnám - Þjóðminjasafn Íslands

Samvinna hefur verið við Háskóla Íslands um starfsnám í safnafræði, þar sem nemendur hafa komið og tekið þátt í verkefnum safnsins. Með þessum hætti er hægt að tengja saman fræðilega þætti námsins við þjálfun vinnubragða. Verkefni hafa t.a.m. snúist um ný aðföng, þar sem farið hefur verið í gegnum ferlið frá móttöku safngrips, skráningu hans í Sarps og vistun í geymslur safnsins.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Hagnýt reynsla skilar sér í hæfara starfsfólki út á vinnumarkaðinn en gefur þeim sem leiðbeina líka ákveðið faglegt aðhald og getur verið kveikja að samtali um hvernig þau fræði sem vinnan byggir á skilar sér inn í daglegt starf.



## Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Stendur fyrir námskeiðum á afmörkuðum sviðum safnastarfs. Veitir aðgengi að faglegri handleiðslu eða ráðgjöf.

- ▲▲ Ráðstefna í Lubeck. *Þjörn Pétursson Byggðasafn Hafnarfjarðar.*
- ▲ Forvörslunemi í starfsnámi. *Nathalie Jacqueminet Þjóðminjasafn.*

## MARKMIÐ 5

# AÐ TEKIÐ VERÐI MIÐ AF SJÁLFBÆRRI ÞRÓUN Í SAFNASTARFINU



Söfn, eins og önnur starfsemi í samtímanum, þurfa að taka mið af sjálfbærri þróun í starfsemi sinni.

Sjálfbær þróun byggir á fjórum stoðum: samfélagi, umhverfi, efnahag og menningu, og er mikilvægt að setja sér markmið á öllum þessum sviðum til að ná árangri. Því er vert að horfa til sjálfbærni í víð-um skilningi í öllum þáttum safnastarfs, t.d. með því að sækja sér innblástur í markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun, en þar má glöggt sjá hversu víðtæk slík markmið geta verið.<sup>1</sup> Rétt er að undirstrika að ekki er verið að leggja til að söfn skuli vera efnahagslega sjálfbær; sem þjónustustofnanir í almannabágu eru þau ekki rekin í hagnaðarskyni eins og kveðið er á um í safnalögum.<sup>2</sup>

### Hvað er sjálfbær þróun?

Hafa þarf í huga merkingu hugtaksins sjálfbær þróun, en það hefur verið skilgreint með eftirfarandi hætti: „Mannleg starfsemi sem fullnægir þörfum samtímans án þess að draga úr möguleikum framtíðarkynslóða til að fullnægja sínum þörfum“.<sup>3</sup>

<sup>1</sup> Sjá: Sustainable development e.d.

<sup>2</sup> Safnalög nr. 141/2011, 3. gr.

<sup>3</sup> Hugtakið var fyrst kynnt til sögunnar í skýrslu Sameinuðu þjóðanna um umhverfi og þróun sem kom út árið 1987 í Brundtlandskýrslunni svokölluðu. Sjá nánar: Skilgreining sjálfbærrar þróunar e.d.



**> Rækta tengslin við nærsamfélagið**

Sjálfbærni safna byggir á að rækta tengslin við fólkið sem safn starfar fyrir. Safn þarf að vera vettvangur samfélagsins og koma til móts við þarfir þess. Þá eru sýningar hentugur vettvangur til að miðla fræðslu um sjálfbærni á öllum sviðum.

**> Umhverfi - huga að sjálfbærni á öllum sviðum safnastarfs**

Vinna þarf eftir meðvitaðri umhverfisstefnu, taka ábyrgar ákvarðanir um alla þætti í rekstri safnsins og meta áhrif þeirra á umhverfið. Huga þarf að hagkvæmni í uppsetningu sýninga og t.d. endurnýta sýningarbúnað eins og hægt er.

**> Efnahagur - samvinna/sameining**

Hvatt er til aukinnar samvinnu um sýningargerð, þar sem hægt er að ná meiri árangri og nýta betur sérfræðikunnáttu og fjármuni. Þá hafa farandsýningar einnig gefist vel, þar sem vinna á einum stað getur nýst í öðrum landshlutum.

**> Varðveisla menningararfs**

Sjálfbærni safnkosts byggir á söfnun á grunni markvissrar söfnunarstefnu, með stuðningi grísjunaráætlunar eftir því sem ástæða þykir til. Mikilvægt er að tryggja gildi safnkosts fyrir rannsóknir og miðlun með góðri skráningu og nýta aðferðir samtímasöfnunar þar sem það á við. Vinna þarf að því markmiði að safnkosturinn nýtist og að kostnaður vegna varðveislu sé í takti við þann ávinning sem samfélagið hefur eða mun hafa af honum.



▲▲ Ljósmyndagreining á Húsavík. Snorri G. Sigurðsson, Menningarmiðstöð Þingeyinga.  
◀ Sýningarsamstarf á myndum Bárðar Sigurðssonar. Ívar Brynjólfsson Þjóðminjasafn.



## Framhaldslíf sýninga – Hönnunarsafn Íslands

Hönnunarsafn Íslands í Garðabæ setti árið 2014 upp sýninguna *Ertu tilbúin, frú forseti?* þar sem sýndur var fatnaður úr eigu frú Vigdísar Finnbogadóttur. Ári síðar ferðaðist sýningin norður í land þar sem hún var sett upp á Minjasafninu á Akureyri. Sýningatextar, gínur og skápar voru áfram hluti sýningarinnar, en hún var endurhönnuð til að njóta sín vel í rými Minjasafnsins. Með þessum hætti nýttist vinna og sérfræðilekking Hönnunarsafnsins áfram og innviðir sýningarinnar voru að stærstum hluta á sýningunni fyrir norðan. Miðlunin náði til stærri markhóps en ella hefði verið og var vel sótt á báðum stöðum.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Farandsýningar geta stuðlað að umhverfislegum ávinningi, t.d. með endurnýtingu sýningarbúnaðar, en hafa einnig jákvæð efnahagsleg áhrif.

## Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Er fyrirmynd annarra safna hvað varðar sjálfbæra þróun. Leiðbeinir varðandi gerð söfnunarstefnu og grisjunaráætlunar.



## Grænu skrefin – Þjóðminjasafn Íslands

Þjóðminjasafn Íslands tekur þátt í svokölluðum Grænum skrefum í ríkisrekstri, en markmið þeirra er að stuðla að aukinni sjálfbærni í rekstri og bættri umhverfisvitund meðal starfsfólks. Breytingar eru framkvæmdar í áföngum og taka til ýmissa þátta í rekstri safnsins, s.s. innkaupa, samgangna, rafmagnsnotkunar og þess hvernig staðið er að fundum og viðburðahaldi. Verkefnið hvetur til þess að horft sé á sjálfbærni í víðu samhengi og leggur góðan grunn undir nauðsynlegar viðhorfsbreytingar.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Með því að vinna markvisst eftir skýrri umhverfisstefnu að breyttu verklagi er hægt að stuðla að bættri nýtingu auðlinda og þannig styðja við sjálfbæra þróun.

- ▲ *Ertu tilbúin, frú forseti?* á Akureyri. Hördur Geirsson Minjasafnið á Akureyri.
- ▲ Samgöngusamningar. Anna Rut Guðmundsdóttir Þjóðminjasafn.

# AÐ SAFNASTARFIÐ TAKI MIÐ AF ALÞJÓÐLEGUM TENGLUM OG FRÆÐILEGRI UMRÆÐU

Söfn eru alþjóðlegt fyrirbæri og starfa söfn á Íslandi að mörgu leyti í samræmi við evrópskar safnahefðir. Norrænt samstarf hefur einnig haft mikil áhrif á safnastarf hér á landi og byggja núgildandi safnalög á norrænum fyrirmyndum. Mikilvægt er fyrir safnastarf á Íslandi að starfsfólk sækir sér þekkingu og innblástur úr hinu alþjóðlega samhengi. Leggja þarf áherslu á sérstöðu hvers safns, sinna markvissri uppbyggingu faglegs starfs og vera trúr markmiði og hlutverki safnsins.

Sem menntastofnanir gegna söfn mikilvægu hlutverki í símenntun, bæði fyrir innlenda og erlenda gesti, og þurfa í miðlunarstarfi sínu að hafa alla þessa markhópa í huga. Á sama tíma þurfa starfsmenn safna einnig að vera meðvitaðir um með hvaða hætti söfn taka þátt í orðræðu um sjálfsmynd og tefla fram eða viðhalda hugmyndum um fortíð eða samtíð.



### > (Al)þjóðlegt samstarf

Hvatt er til samvinnu milli safna hérlendis og erlendis, þar sem slík samvinna auðveldar miðlun þekkingar og styrkir faglegt starf. Nýta þarf hvert tækifæri til að byggja upp virkt tengslanet milli safna, t.d. í gegnum alþjóðleg fagfélög, ráðstefnur eða þátttöku í samstarfsverkefnum.

### > Alþjóðlegum siðareglum og sáttmálum fylgt

Söfnum á Íslandi ber að fara eftir siðareglum Alþjóðaráðs safna (ICOM), en einnig hafa verið gefnir út sáttmálar og leiðbeiningar sem gagnlegt er að taka mið af í faglegu starfi. Virk nýting á þessum gögnum í starfi getur veitt nauðsynlegt faglegt aðhald. Benda má á að Íslandsdeild ICOM býður upp á námskeið í siðareglum ICOM og eru söfn hvött til að nýta sér þau.

### > Nýsköpun og áherslur í starfi

Það getur verið áhrifaríkt að taka mið af nýsköpun og uppbyggingu á alþjóðavettvangi þegar kemur að framþróun í safnastarfi. Starfsfólk safna þarf reglulega að sinna símenntun og fylgjast með nýjum straumum og stefnum á sviðinu og innleiða í starfið.

### > Fræðilegur grundvöllur starfsins

Styrkja þarf grundvöll rannsókna og miðlunar með virkri þátttöku í fræðilegri umræðu sem á sér stað hérlendis, sem og á alþjóðlegum vettvangi. Vel menntað starfsfólk með bakgrunn úr fjölbreyttum fræðigreinum hefur margt fram að færa og er full ástæða fyrir söfn til að virkja þessa þekkingu og reynslu.



1 Sbr. 10. gr. (7) safnalaga 141/2011.  
2 Sjá t.d. ICOM e.d.; UNESCO e.d.; ICOMOS e.d.

▲ Námskeið í eldsmíði í smiðjunni á Þingeyri.  
*Magnús Karel Hannesson.*



## Erlent samstarf – Byggðasafnið Hvoll

Byggðasafnið Hvoll á Dalvík tók þátt í samstarfi við safnið í Tassilaq og Norræna menningarhúsið í Óðinsvéum um gerð sýningarinnar *Norðrið í norðrinu*. Unnið var út frá grænenskum gripum sem færðir voru byggðasafninu Hvoli árið 2007. Til að geta gert vandaða og fræðandi sýningu var sótt um styrk í Norræna menningarsjóðinn, en til þess þurfa aðilar frá þremur löndum að taka þátt í verkefninu. Ferlið allt var afar lærdómsríkt og farsælt. Sýningin var sett upp á Dalvík, í Óðinsvéum, Tassilaq á Grænlandi og loks í Þjóðminjasafni Íslands. Nú bíður sýningin eftir að vera sett upp til frambúðar á byggðasafninu Hvoli á Dalvík.

Hægt er að lesa nánar um sýninguna á [www.dalvikurbyggd.is/hvoll](http://www.dalvikurbyggd.is/hvoll), auk þess var gerður veglegur bæklingur um sýninguna en hann er til sölu á Þjóðminjasafni Íslands og í Hvoli.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Samstarf af þessu tagi getur gert söfnum kleift að takast á við stærri verkefni en ella, starfsfólk öðlast mikilvæga reynslu og miðlun nær til stærri hóps með farandsýningu.

## Hvernig styður Þjóðminjasafn Íslands við þetta markmið?

Þjóðminjasafnið miðlar upptökum af fyrirlestrum sem haldnir eru á vegum þess og vísar á upptökur af fyrirlestrum þeirra félaga sem eru í samstarfi við safnið um fyrirlestraraðir, þar sem þeim er miðlað á vef.



## Fræðsluferðir – Borgarsögusafn

Starfsfólk Minjasafns Reykjavíkur (nú Borgarsögusafns) efndi til vel skipulagðrar fræðsluferðar til Noregs árið 2011 og fékk góðar móttökur hjá safnmönnum á Maihaugen og Norsk Folkemuseum. Áhersla var lögð á móttöku og fræðslu um starfsemi útisafna og þar gafst tækifæri til að kynna nýjum og áhugaverðum leiðum sem söfnin þar hafa tekið upp í sínu starfi. Safnið hefur nýtt innblásturinn til að vinna að eigin nýsköpun, ekki síst á Árbæjarsafni, s.s. með því að vinna leikþætti fyrir leiðsögufólk safnsins sem nýja vídd í miðlunarstarfinu. Einnig hefur þessi fræðsluferð verið sérfræðingum safnsins hvati í því að taka samtímann fyrir í auknum mæli í sýningagerð og miðlun og vekja þannig gesti til umhugsunar um tengsl fortíðar og nútíðar.

## Hvernig skilar þetta okkur árangri?

Aukin þekking á safnastarfi annarsstaðar verður kveikjan að hugmyndum sem bæta starfið þegar heim er komið eða hafa áhrif á áherslur eða verklag. Það er löng hefð fyrir norrænu samstarfi safna og hefur það reynst íslensku safnastarfi afar hvetjandi og heilladrjúgt.

- ◀▲ Kona að flá. *Byggðasafnið Hvoll*.
- ▲ Gestir fylgjast með leikrænni leiðsögn í Árbæjarsafni. *Helga Maureen Gylfadóttir. Borgarsögusafn*.





# HVERNIG NÁUM VIÐ ÁRANGRI?

Árangur í safnastarfi skilar sér í ávinningi af ýmsu tagi. Nefna má ánægju gesta í leit að þekkingu eða upplifun, sköpun og varðveisla þekkingar, varðveisla menningararfs fyrir kynslóðir framtíðarinnar sem dæmi um þennan ávinning; allt skiptir þetta máli.

Þjóðminjasafn Íslands gefur út *Safnastefnu á sviði menningarminja* sem er ætlað að vera leiðarljós fyrir starfsemi menningarminjasafna hér á landi. Eitt er að hafa leiðarljós og enn betra að hafa markmið – en það dugur skammt ef því er ekki fylgt markvisst eftir. Söfn eru hvött til að marka sér eigin stefnu til nokkurra ára í senn á grundvelli þeirrar stefnu sem hér er lögð fram. Þar yrðu valdar þær leiðir sem henta á hverjum stað og þeim komið í framkvæmd í verkefnum til að ná þeim markmiðum sem hér eru sett fram.

Æskilegt væri að þau settu sér jafnframt mælikvarða og viðmið sem notuð yrðu til að meta árangur aðgerða hverju sinni. Þannig yrði hverju safni mögulegt að staðfesta sinn árangur á hverju sviði með áreiðanlegum hætti, eins og eigendur safna gera eðlilega kröfu um.

Söfnin í landinu byggja eðli málsins samkvæmt hvert og eitt á styrkleikum sínum og halda áfram því góða starfi sem verið er að vinna. En söfn landsins þurfa líka að takast á við nýjar áskoranir á þeim sviðum sem þörf er á að styrkja. Með markvissri þróun og góðu starfsfólki geta þau uppfyllt hlutverk sitt með sóma, haldið áfram að styrkja innviði safnastarfsins og gefið safninu færi á að blómstra enn frekar í framtíðinni.

## Heimildir

Anna Þorbjörg Þorgrímsdóttir. (2008). Menningararfur með stripur. *Ritið* (8), bls. 7–32.

Byggðastofnun. (2016). *Vaxtar-samningar*. Sótt 24. mars 2017 af [www.byggdastofnun.is/is/verkefni/vaxtarsamningar](http://www.byggdastofnun.is/is/verkefni/vaxtarsamningar).

Erna Rut Steinsdóttir, 22. ágúst 2016. Tölvupóstur.

Fjárlög 2009–2017. Sótt 19. mars 2017 af [hamar.stjr.is/](http://hamar.stjr.is/)

Guðrún Jónsdóttir. (2011). *Farskóli FÍSOS 2010. Greinargerð undirbúningsnefndar*. FÍSOS.

Íslensk muna- og minjasöfn. Meðferð og nýting á ríkisfé. Skýrsla til Alþingis. (2009). Reykjavík: Ríkisendurskoðun.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012.

Lög um opinber fjármál nr. 123/2015.

Nathalie Jacqueminet (ritstj.). (2011). *Handbók um varðveislu safnkosts*. Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands, Þjóðskjalasafn Íslands, Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn. Sótt 16. janúar 2013 af [www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Handbok\\_Tiltils-sida\\_2012.pdf](http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/Handbok_Tiltils-sida_2012.pdf)

Ólöf Gerður Sigfúsdóttir. (2014). *Söfn sem þekkingarmiðstöðvar. Könnun á umfangi og skipulagi rannsókna í íslensku safnastarfi*. Sótt 7. febrúar 2017 af [www.safnarad.is/media/skyrslur/Safnarannsoknir\\_skyrsla2014\\_OGS.pdf](http://www.safnarad.is/media/skyrslur/Safnarannsoknir_skyrsla2014_OGS.pdf)

Pedersen, K.B., Guld, K.R., Kejsen, U. (2011). *Varðveitum myndina. Leiðbeiningar um varðveislu á ljósmyndum og filmuefni*. (María Karen Sigurðardóttir og Inga Lára Baldvinsdóttir þýddu). Reykjavík: Þjóðminjasafn Íslands og Ljósmyndasafn Reykjavíkur. Sótt 10. september 2014 af [www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/vardveitum\\_myndina.pdf](http://www.thjodminjasafn.is/media/rannsoknir/vardveitum_myndina.pdf)

Ríkisendurskoðun. (2012, júní). *Skýrsla um eftirfylgni*. Íslensk muna- og minjasöfn (2009). Sótt 7. febrúar 2017 af [www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/munasofn\\_eftirfylgni.pdf](http://www.ríkisendurskodun.is/fileadmin/media/skyrslur/munasofn_eftirfylgni.pdf)

Safnalög nr. 141/2011.

Safnaráð. (e.d.). *Leiðbeiningar*. Sótt 17. ágúst 2016 af [www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/stofnskrar-safna/](http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/stofnskrar-safna/)

Safnaráð. (2013). *Leiðbeiningar Þjóðminjasafns Íslands um skráningu*. Sótt 7. febrúar 2017 af [www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/um-starfsemi-safna/nr/248](http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/um-starfsemi-safna/nr/248).

Safnaráð. (2017). *Listi yfir viðurkennd söfn á Íslandi*. Sótt 7. febrúar 2017 af [www.safnarad.is/vidurkennd/vidurkennd-sofn---listi/](http://www.safnarad.is/vidurkennd/vidurkennd-sofn---listi/)

Skilgreining sjálfbærrar þróunar. (e.d.). Sótt 11. júlí 2016 af [www.sjalbbaerni.is/sjalbbaerni/skilgreining/](http://www.sjalbbaerni.is/sjalbbaerni/skilgreining/)

Stjórnarráð Íslands. (2017). *Sóknaráætlanir landshluta*. Sótt 24. mars 2017 af [www.stjornarrad.is/sl/](http://www.stjornarrad.is/sl/)

Varðveisla til framtíðar? Skýrsla farskólastjórnar um Farskóla FÍSOS sem haldinn var á Höfn í Hornafirði dagana 16.–18. september 2015. Sótt 24. mars 2017 af [www.safnmenn.is/wp-content/uploads/2015/02/Farsk%C3%B3lask%C3%BDrsla-2015.pdf](http://safnmenn.is/wp-content/uploads/2015/02/Farsk%C3%B3lask%C3%BDrsla-2015.pdf)

*Vegvísir í ferðaþjónustu*. (2015, október). Reykjavík: Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samtök ferðaþjónustunnar. Sótt 7. febrúar 2017 af [www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Vegvisir-i-ferdathjonustu.pdf](http://www.atvinnuvegaraduneyti.is/media/Acrobat/Vegvisir-i-ferdathjonustu.pdf).

## Ítarefni

ICOM. (e.d.) *Professional Standards*. [icom.museum/professional-standards/](http://icom.museum/professional-standards/)

ICOMOS. (e.d.). Charters and other doctrinal texts. [www.icomos.org/en/charters-and-texts](http://www.icomos.org/en/charters-and-texts)

Lög um Þjóðminjasafn Íslands nr. 140/2011.

Safnaráð. *Lög og leiðbeiningar er varða safnastarf á Íslandi*. [www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/](http://www.safnarad.is/log-og-leidbeiningar/)

*Safnastefna á sviði þjóðminjavörslu fyrir árin 2003–2008*. (2003). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

*Sustainable development. Knowledge platform*. (e.d.) [Sjálfbærniarkmið Sameinuðu þjóðanna]. [sustainabledevelopment.un.org/?menu=1300](http://sustainabledevelopment.un.org/?menu=1300)

Þjóðminjasafn Íslands. (e.d.) *Handbækur*. [www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/minjar-og-rannsoknir/handbaekur/](http://www.thjodminjasafn.is/starfsemi-safnsins/minjar-og-rannsoknir/handbaekur/)

*Culture in, for and as sustainable development*. (2015). [www.culturalsustainability.eu/conclusions.pdf](http://www.culturalsustainability.eu/conclusions.pdf)

Rannsóknasetur í safnafræðum við Háskóla Íslands og Hagfræðistofnun Háskóla Íslands. (2015). *Söfn og ferðaþjónusta*. Safnaráð. [www.safnarad.is/media/skyrslur/SkyrslaSofnOgFerdathjonustaOkt2015.pdf](http://www.safnarad.is/media/skyrslur/SkyrslaSofnOgFerdathjonustaOkt2015.pdf)

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2013). *Menningarstefna*. [www.menntamalaraduneyti.is/menning/menningarstefna/](http://www.menntamalaraduneyti.is/menning/menningarstefna/)

Mennta- og menningarmálaráðuneyti. (e.d.). *Stefna í menntun, vísindum og nýsköpun*. [www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefna\\_i\\_menntun,\\_vísindum\\_og\\_nyskopun.pdf](http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf/Stefna_i_menntun,_vísindum_og_nyskopun.pdf)

UNESCO. (e.d.) *Standard-setting instruments*. [portal.unesco.org/en/ev.php-URL\\_ID=12024&URL\\_DO=DO\\_TOPIC&URL\\_SECTION=201.html](http://portal.unesco.org/en/ev.php-URL_ID=12024&URL_DO=DO_TOPIC&URL_SECTION=201.html)





